

Erindisbréf

Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins, málsnr. 1504338

Verkefnishópurinn starfar samkvæmt samþykkt bæjarráðs frá 24. apríl 2015.

Hlutverk:

Hópurinn skal taka til skoðunar framtíðarnýtingu krýsuvíkursvæðisins. Hlutverk hópsins er að móta stefnu og gera tillögur um heildaruppbyggingu í Krýsuvík og hvaða starfsemi og þjónusta verði þar í framtíðinni. Í gegnum tíðina hafa komið fram ýmsar hugmyndir t.d. um virkjanir og ferðaþjónustustarfsemi s.s. hótél, veitingasölu, upplýsingamiðstöð og stjórnskoðunarstöðvar. Verkefni hópsins er að fjalla um þessar leiðir, kosti og galla og einnig að kalla eftir og fjalla um aðrar hugmyndir varðandi framtíðarnýtingu svæðisins.

Skipan hópsins:

Hópurinn skipa fimm fulltrúar tilnefndir af bæjarráði (bæjarráð tilnefnir formann).

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5

Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa 10. maí eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af bæjarráði. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Hópurinn skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 10 sinnum. Með starfshópnum starfa starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar eftir þörfum. Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir bæjarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum. Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til bæjarráðs 30. október 2015.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 7. maí 2015